

44

11. marz

## AUGLÝSING

um hámarkshraða á vegum á flugvallarsvæðinu við Keflavík.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og að fengnum tillögum vegamálastjóra, er hámarkshraði bifreiða ákveðinn 30 km á klukkustund á öllum akbrautum á flugvallarsvæðinu við Keflavík, nema á aðalbrautinni frá aðalhlíði flugvallarins að flugstöð og hóteli flugvallarins, en þar er hámarkshraði ákveðinn 55 km á klukkustund.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. marz 1953.

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

45

11. marz

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 44 27. júní 1924, um störf lóðarskráritarans í Reykjavík.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir þau störf, er lóðarskráritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða grunngjöld í bæjarsjóð sem hér segir:

a. Fyrir mælingu og merkingu lóðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Á svæði, sem liggur utan línu, sem dregin er að vestan frá sjó eftir Grandavegi, Hringbraut, Njarðargötu að Eiríksgötu, eftir Eiríksgötu að Barónsstíg og norður eftir Barónsstíg að sjó:

Þegar stærð lóðar er:

allt að 200 m <sup>2</sup> .....	kr. 100.00
200 m <sup>2</sup> — 400 — .....	— 110.00
400 — — 600 — .....	— 120.00
600 — — 800 — .....	— 140.00
800 — — 1100 — .....	— 170.00
1100 — — 1500 — .....	— 200.00
1500 — — 2000 — .....	— 250.00
2000 — — 3000 — .....	— 300.00

yfir 3000 fyrir hverja 1000 m<sup>2</sup>, að auki, — 50.00

2. Á svæði frá nefndum mörkum í 1. lið að línu, sem dregin er að vestan frá sjó við norðurenda Ægisgötu og eftir Ægisgötu að Vesturgötu, eftir Vesturgötu að Garðastræti, eftir Garðastræti að Túngötu, eftir Túngötu að Suðurgötu, eftir Suðurgötu að Vonarstræti, eftir Vonarstræti að Tjarnargötu, eftir Tjarnargötu suður fyrir mörk lóðar nr. 11, sjónhending þaðan í Lækjarósinn, þaðan eftir Lækjargötu yfir Lækjartorg eftir Kalkofnsvegi að Geirsgötu og eftir Geirsgötu austur til sjávar, tvöfalt það gjald, sem ákveðið er í 1. lið.
3. Á svæði innan þeirra marka, sem lýst er í 2. lið, þrefalt það gjald, sem ákveðið er í 1. lið.

- b. Fyrir staðsetningu húss eða annars mannvirkis á lóð,  $\frac{3}{4}$  mælingargjalds samkvæmt staflið a., ef staðsetning krefst ákvörðunar lóðamarka, ella kr. 50.00. 11. marz 45
- c. Fyrir hæðarákvörðun húss eða annars mannvirkis, kr. 50.00.
- d. Fyrir tillöguuppdrátt vegna lóðarskiptingar eða markabreytinga, sem leyfi byggingarnefndar þarf til, kr. 50.00.
- e. Fyrir áritun skjala um eigendaskipti, kr. 30.00, og afrit af lóðaruppdraetti sama gjald.
- f. Fyrir önnur störf lóðaskráritara, samkv. ákvörðun hans í hvert skipti.
- Á framangreind grunngjöld skal reiknuð uppbót, samkvæmt gildandi kaupgjaldsvísitölu á hverjum tíma. Gjöldin ber að inna af hendi um leið og þjónustunnar er óskað.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 35 2. nóv. 1914, sbr. lög nr. 35 20. júní 1923, um skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 204 16. október 1952, um einkennisbúning starfsmanna flugmálastjórnarinnar.

46

11. marz

### 1. gr.

Í 2. gr., 1. a., falli burtu setningin „Á reisu skulu vera gylltir útsaumaðir vængir“ o. s. frv., en í staðinn komi:

Á reisu á húfu þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr., a.—f., skulu vera gylltir útsaumaðir vængir og á þá fest skjaldarmerki Íslands, 4 cm hátt, gyllt, úr málm, en þetta er merki flugmálastjórnarinnar.

Á reisu á húfum þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr., g.—i., skal fest merki flugmálastjórnarinnar, allt úr málm.

### 2. gr.

3. gr., b.-liður orðist svo:

Á Reykjavíkurflugvelli:

Flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn og starfsmenn sjóflughafnar.

### 3. gr.

Í 4. gr., g.-lið, falli burtu orðin „11 mm breiðir gullborðar“, en í staðinn komi: Þrjú 2 mm breiðir gullborðar með 10 mm millibili, er mynda gleitt horn, og skal sá yzti vera 20 mm frá enda axlaspeldis.

### 4. gr.

Í 4. gr., h.-lið, falli burtu orðin „Tveir 8 mm breiðir gullborðar“, en í staðinn komi: Tveir 2 mm breiðir gullborðar með 10 mm millibili, er mynda gleitt horn, og skal sá ytri vera 20 mm frá enda axlaspeldis.